

FW: Til Umhverfis- og framkvæmdaráðs

Til : Jóna Ósk Guðjónsdóttir
Frá : Sigurður Haraldsson
CC : Helga Stefánsdóttir
Heiti : FW: Til Umhverfis- og framkvæmdaráðs
Málsnúmer : 1608517
Málsaðili : Villikettir
Skráð dags : 23.09.2016 13:25:21
Höfundur : Sigurður Haraldsson

Viðhengi svar við erindi Villikatta.pdf [svar við erindi Villikatta.pdf](#)

Sæl Jóna Ósk viltu setja þetta með erindi Villikatta
Kv
Sigurður

From: Dýraverndarsamband Íslands [mailto:dyravernd@dyravernd.is]
Sent: 23. september 2016 10:33
To: Sigurður Haraldsson
Cc: Helga Stefánsdóttir
Subject: Fwd: Til Umhverfis- og framkvæmdaráðs

Sæll Sigurður

Ég var búin að senda þennan póst til Helgu fyrir hönd Umhverfis- og framkvæmdaráðs, en við fengum því miður rangt tölvupóstfang hjá þér svo við sendum þér hann aftur núna. Ég set Helgu hér í Cc.
Bestu kveðjur,

----- Forwarded message -----

From: **Dýraverndarsamband Íslands** <dyravernd@dyravernd.is>
Date: 2016-09-22 20:27 GMT 00:00
Subject: Til Umhverfis- og framkvæmdaráðs
To: Helga Stefánsdóttir <Helgas@hafnarfjordur.is>, sigurdur@hafnarfjordur.is

Heil og sæl

Við höfum fylgst með starfi félagsins Villikatta og líkra félaga í nokkur ár. Starfið hjá félaginu Villiköttum er markvisst og hefur sannarlega haft mikið að segja fyrir margar kisor, bæði þær yngri, sem fundist hefur heimili fyrir og hinar eldri sem hafa verið veiddar, teknar úr sambandi og merktar, sleppt aftur og er loks gefið úti reglulega. Við finnum mikinn almennan stuðning við vinnu félagsins Villikatta.

Dýraverndarsamband Íslands styður alla viðleitni sem bætir velferð dýra og er starfsemi Villikatta mjög gott dæmi um það. Því viljum við senda ykkur aftur ályktun stjórnar DÍS sem félagið Villikettir báðu um fyrir tveim árum síðan og er það hér í viðhengi. Á þessum tveim árum hefur félagið Villikettir enn betur fest í sessi þá skoðun okkar að starfsemin er nauðsynleg og gagnleg og í þágu velferðar dýra sem besta leiðin sem hægt er að velja fyrir villikisur sem ekki fá heimili, en hinar tvær væru aflífun eða að gera ekkert.

Bestu kveðjur,
Hallgerður Hauksdóttir
formaður Dýraverndarsambands Íslands.

[FYRIRVARI / DISCLAIMER](#)